



Sjúkrahúspósturinn

Fréttabréf SAK

OKTÓBER 2025
4.TBL



Hjúkrun 2025

Ráðstefnan Hjúkrun 2025 fór fram á Akureyri dagana 25. og 26. september. Ráðstefnan var á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landspítala, Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.



Helga Pálmadóttir, formaður undirbúningsnefndar

“Dýrmætt tækifæri”

„Á ráðstefnunni gefst hjúkrunarfræðingum dýrmætt tækifæri til að hittast, miðla reynslu og fræðast um nýjustu rannsóknir og þróun á sviði hjúkrunar. Sterkt fræðasamfélag hjúkrunar á Íslandi er vitnisburður um eldmóð og fagmennsku hjúkrunarfræðinga, sem ávallt leitast við að efla þekkingu sína og hæfni.“ Segir Helga Pálmadóttir, formaður undirbúningsnefndar.



Fulltrúar SAK á ráðstefnunni eru fjölmargir, en lesa má nánar um þeirra innlegg og rannsóknir í ráðstefnuriti sem nálgast má hér: [Hjúkrun 2025 – Ráðstefnurit](#)



Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri SAK

“Hjúkrun ekki bara starf”

Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri SAK, flutti ávarp við opnun ráðstefnunnar. Þar sagði hún m.a.: “Við vitum öll að hjúkrun er ekki bara starf. Hún er grunnstoð heilbrigðiskerfisins, hjarta og lífæð þjónustunnar. Þið haldið utan um sjúklinginn frá fyrstu stundu og allt til loka – og í því felst bæði fagleg þekking og mannleg nánd sem enginn annar hópur getur leyst með sama hætti.”

Ávarpið í heild sinni má lesa hér: [ávarp forstjóra SAK](#)

Þingmenn NA-kjördæmis funda með fulltrúum SAK



Mynd

EEfri lína frá vinstri: Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga, Hulda Sigríður Ringsted, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Hilda Jana Gísladóttir, samskiptastjóri, Eydís Ásbjörnsdóttir þingmaður, Ingvar Þóroddsson þingmaður, Ingibjörg Isaksen þingmaður, Jens Garðar Helgason þingmaður, Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri SAK, Stigurjón Þórðarson þingmaður, Erla Björnsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs.

Neðri lína frá vinstri: Þorgrímur Sigmundsson þingmaður, Þórarinn Ingi Pétursson þingmaður, Njáll Trausti Friðbertsson þingmaður og Helgi Þór Leifsson, framkvæmdastjóri klínískrar þjónustu.

Í kjördæmaviku boðuðu þingmenn NA-kjördæmis fulltrúa SAK til fundar. Fundurinn var mjög ánægjulegur og voru samtöl innihaldsrík. Á fundinum var m.a. rætt um verktöku vegna ferliverkasamninga, stöðu húsnæðis sjúkrahússins vegna rakaskemmda, fjárlög 2026 og nýbyggingu SAK.

Það er Sjúkrahúsinu á Akureyri ákaflega verðmætt að eiga samtal við kjörna fulltrúa og ákaflega gott er að finna þann ríka áhuga og stuðning sem þingmenn kjördæmisins sýna Sjúkrahúsinu á Akureyri. Enda öllum ljóst að það er sameiginlegur hagur okkar allra að þjóna skjólstaðingum SAK eins og best verður á kosið.

Nýr röntgenlæknir

Sjúkrahúsið á Akureyri hefur ráðið Cristian M. Arriagada Godoy röntgenlækni til starfa. Hann hóf störf um miðjan september.



Cristian er læknir frá Síle að uppruna en flutti til Spánar þar sem hann lauk bæði sérnámi í röntgenlækningum og doktorsnámi. Hann hefur haft full réttindi í ífarandi aðgerðum (interventional procedures) frá Evrópska röntgenlæknafélaginu (European Board) frá árinu 2015 og býr yfir rúmlega tíu ára reynslu af akademísku og klínísku starfi á háskólasjúkrahúsum og í háskólum.

„Ég hef sérstakan áhuga á beinum samskiptum við sjúklinga, myndstýrðum aðgerðum og klínísku starfi. Ég nýt þess einnig að starfa í þverfaglegum teymum, styðja við kándídata og nemendur og taka þátt í rannsóknum og fræðslu,“ segir Cristian. Þekking hans nær yfir breitt svið æða- og óæðaaðgerða, þar á meðal æðaaðgerðir vegna blóðskilunar, þvagfæraskurðlækningar, meltingarfærasvið og fleiri sérgreinar.

Hlakkar til að vinna á SAK



„Ég hlakka til að hefja störf á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Fyrir mér skiptir miklu máli að vinna í öflugum og samstilltu teymi þar sem jafnvægi ríkir á milli faglegs metnaðar og persónulegs lífs. Ég er sannfærður um að hér geti ég bæði lagt mitt af mörkum og vaxið sem læknir,“ bætir hann við.

Ráðning Cristians er mikilvæg viðbót við starfsemi myndgreiningardeildar og styrkir bæði þjónustu og faglega getu deildarinnar til framtíðar. Við hlökkum til samstarfsins og bjóðum Cristian hjartanlega velkominn í hópinn á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Unglæknar leiða umbótaverkefni: Ný handbók eflir nýliðafræðslu

Tveir unglæknar, Kristín Erla Kristjánsdóttir og Daníel Andri Karlsson, hafa undanfarið unnið að umbótaverkefni sem miðar að því að efla nýliðafræðslu og bæta aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Afurð verkefnisins er ný handbók fyrir unglækna á SAK, sem nú liggur fyrir.



Vonast til að handbókin gagnist vel

Handbókin inniheldur hagnýtar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir námslækna sem hefja störf á sjúkrahúsinu. Þar má finna yfirlit yfir verkferla, daglega starfshætti og skipulag á helstu deildum. Einnig eru þar upplýsingar um neyðarsíma, vaktakerfi, rannsóknir, sjúkraflug, skráningarferla og samskiptaflutninga innan spítalans, svo dæmi séu tekin. „Við vonumst til að handbókin gagnist unglæknum sem eru að hefja störf sem og að handbókin nýtist í daglegu starfi þeirra,“ segja Kristín Erla og Daníel. Handbókin er dæmi um umbótaverkefni sem getur haft bein áhrif á gæði þjónustunnar. Sjúkrahúsið á Akureyri leggur ríka áherslu á að skapa öflugt námsumhverfi fyrir námslækna og telur útgáfu handbókarinnar mikilvægt framlag í þá átt.

Handbók
unglækna á
SAK

Handbókin inniheldur mikilvægar
upplýsingar fyrir unglækna sem eru að
hefja störf á SAK. Handbókin er unnin
af unglæknum á SAK.

Daníel Andri Karlsson
Kristín Erla Kristjánsdóttir

Hreyfing getur skipt sköpum í bataferli sjúklinga

Þann 8. september á alþjóðlegum degi sjúkraþjálfunar, hófst nýtt verkefni á Sjúkrahúsinu á Akureyri undir yfirskriftinni "HREYFUM OKKUR". Verkefnið var unnið af sjúkraþjálfurum á SAK og miðar að því að hvetja sjúklinga til aukinnar hreyfingar meðan á innlögn stendur. „Hreyfing getur skipt sköpum í bataferli sjúklinga,“ segir Kristveig Atladóttir, sjúkraþjálfari á SAK.

Hreyfing skiptir miklu máli

„Margir upplifa að þegar þeir eru komnir í sjúkrarúm og sjúkrahúsföt eigi þeir að liggja kyrrir – að þeir eigi ekki að vera að þvælast um eða vera fyrir,“ segir Kristveig. „En hið gagnstæða er afar mikilvægt – smá hreyfing eins og að ganga á salerni, setjast á stól eða fara í stuttan göngutúr getur haft mjög jákvæð áhrif, bæði líkamlega og andlega.“

Hreyfingarleysi getur verið skaðlegt

„Rannsóknir sýna að hreyfingarleysi á sjúkrahúsi getur haft alvarlegar afleiðingar, meðal annars fyrir vöðva, liði og almenna heilsu,“ útskýrir Kristveig. Þetta er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga á efri árum. Því eldri sem við verðum þeim mun lengur erum við að ná fyrri styrk og færni í kjölfar veikinda og hreyfingarleysis. Það getur því skipt sköpum að komast sem fyrst á hreyfingu til að geta yfir höfuð staðið aftur á fætur og komist heim. „Sjúklingum sem komast snemma á fætur og á hreyfingu vegnar betur og eiga auðveldara með að ná sér eftir slys og veikindi.“

Starfsfólkið og aðstandendur eru í lykilstöðu

„Starfsfólkið skiptir öllu máli,“ segir Kristveig. „Við þurfum öll að hvetja sjúklinga til að standa upp, hreyfa sig og klæða sig í eigin föt þegar það er hægt – jafnvel bara með því að tryggja greiðar leiðir og stóla á sínum stað.“ Hún bætir við að aðstandendur hafi einnig mikilvægu hlutverki að gegna. „Þeir geta hvatt sjúklinga til að hreyfa sig, boðið þeim á göngutúr og þannig bæði stutt við hreyfingu og skapað góða samveru.“

Til þess að svo megi verða þurfa aðstandendur að fá skýrar upplýsingar um mikilvægi hreyfingar og hvað sjúklingur má gera.“

„Náttfatalömun“

„End pyjama parlýsis“ er alþjóðlegt átak sem hófst á Bretlandi 2018. Það miðar að því að hvetja sjúklinga að fara úr náttfötunum yfir daginn, klæðast eigin fötum, fara á fætur og hreyfa sig meðan á sjúkrahúsinnlögn stendur. Við höfum í auknum mæli verið að hvetja sjúklinga sem mögulega geta að fara í eigin föt yfir daginn segir Kristveig. Að klæðast eigin fötum ýtir undir góða sjálfsmynd og eykur líkur á að fara úr rúmi og hreyfa sig.

Hreyfihorn og veggspjöld

Til að styðja við verkefnið hafa verið sett upp Hreyfihorn á Lyflækninga- og Skurðlækningadeild, æfingastöðvar á göngum og hvatningarspjöld með einföldum leiðbeiningum fyrir starfsfólk, sjúklinga og aðstandendur. „Þetta er og verður að vera sameiginlegt verkefni okkar allra,“ segir Kristveig. „Draumaniðurstaðan er að hreyfing verði sjálfsögð meðan á innlögn stendur – þannig jafna sjúklingar sig hraðar og líður betur.“



Gæði í verki - öryggi sjúklinga byrjar hjá okkur öllum

Gæði í heilbrigðisþjónustu snúast ekki bara um reglur og skjöl – þau snúast um öryggi, fagmennsku og virðingu fyrir hverjum einasta skjólstaðingi. Öll störf hér á sjúkrahúsinu, óháð fagstétt, skipta máli þegar kemur að gæðum, öryggi og trausti þeirra sem við þjónustum.

Sjúkrahúsið okkar hefur haldið alþjóðlegri gæðavottun á hverju ári síðan 2015. Slík vottun staðfestir að við vinnum eftir viðurkenndum stöðlum og tryggjum gæði og öryggi í þjónustu okkar. Þetta er ekki formsatriði eða til málamynda, þetta er viðurkenning á faglegu starfi okkar allra.

Stundum heyrum við að svona vottanir séu „óþarfi og dýrar“, en í raun er það öfugt: Gæðavottun minnir okkur á að fagleg gildi, stöðug endurskoðun og lærdómur skipta máli og hún hjálpar okkur að standa betur með skjólstaðingum okkar og sjálfum okkur.

Gæðavitund felst í því að taka eftir, spyrja, bregðast við og læra. Hún birtist í því að við fylgjum verklagsreglum, tilkynnum frávik og tökum þátt í umbótum – ekki af því að við verðum, heldur af því að við viljum veita bestu mögulegu þjónustu. Við getum verið stolt af því að sjúkrahúsið okkar er í fremstu röð þegar kemur að fagmennsku og gæðum. Það er sameiginlegur árangur og ábyrgð – og öryggi sjúklinga byrjar hjá okkur öllum.

Við vinnum eftir gildunum okkar: öryggi, samvinna og framsækni – í þágu sjúklinga og starfsánægju.

Sérfræðileyfi í hjúkrun fullorðinna með sykursýki



Emilía Fönn Andradóttir, hjúkrunarfræðingur á göngudeild lyflækninga, hefur hlotið sérfræðileyfi sem sérfræðingur í hjúkrun fullorðinna með sykursýki frá Embætti landlæknis.

Sérfræðileyfið er viðurkenning á viðtækri menntun, reynslu og sérhæfðri þekkingu Emilíu Fannar á hjúkrun fullorðinna einstaklinga með sykursýki. Með þessu bætist hún í hóp fátta hjúkrunarfræðinga á Íslandi með þessa sérhæfingu.

Emilía Fönn Andradóttir, hjúkrunarfræðingur

Ráðið í stöðu fjármálastjóra



Rannveig Jóhannsdóttir, fjármálastjóri SAK

Við hlökkum til að vinna með Rannveigu við að styrkja rekstur Sjúkrahússins á Akureyri og erum sannfærð um að hún muni nýta þekkingu sína á áhrifaríkan hátt til að stuðla að áframhaldandi árangri.

Rannveig Jóhannsdóttir var ráðin fjármálastjóri við Sjúkrahúsið á Akureyri frá og með 1. september 2025.

Rannveig er með BSc-gráðu í viðskiptafræði frá HR, hefur starfað við stofnunina í meira en 20 ár og er með umfangsmikla reynslu á sviði fjármála. Hún er með reynslu sem bókari og sem deildarstjóri skrifstofu fjármála hefur hún öðlast dýrmæta þekkingu og skilning á rekstri SAK, sem gerir hana vel í stakk búna til að leiða áframhaldandi þróun. Hún hefur gegnt tímabundnu starfi fjármálastjóra síðan í desember 2024 og hefur þá öðlast mikla reynslu af fjárhagsstjórn og stefnumótun innan stofnunarinnar.

„Ég þakka það traust sem mér er sýnt með ráðningunni. Ég hlakka til að takast á við ný og krefjandi verkefni og áframhaldandi góðs samstarfs með stjórnendum og starfsfólki SAK.“

Hinsegin fræðsla



Edda Sigurðardóttir, fræðslustýra samtakanna '78

Edda Sigurðardóttir frá Samtökunum '78 var með fræðslu fyrir stjórnendum og starfsfólk SAK um hinseginleika og þá ólíku hópa sem eru undir hinsegin regnhlífinni.

Hún fór yfir helstu hugtök og orðnotkun tengda hinsegin fólki og hvernig megi gera umhverfið hinseginvænna.

„Hinsegin fólk er einn af jaðarsettari skjólstæðingum okkar og mikilvægt að vera meðvituð um stöðu þeirra og áskoranir svo við getum tekið sem best á móti þeim.“ segir Edda.

Þess má geta að upptaka er komin inn á Eloomi, fyrir starfsfólk SAK.

**Fræðslan var styrkt af framkvæmdasjóði hinsegin málefna.*

„Gríðarlega mikilvægt að allir kunni fyrstu hjálp“



Bergþór Steinn Jónsson, sérfræðingur í bráðalækningum

Mikilvægi viðbragðstíma er staðfest

Megintilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvernig viðbragðstími sjúkraflutninga (EMS) hefur áhrif á lífslíkur einstaklinga sem lenda í hjartastoppi utan sjúkrahúsa. Niðurstöður sýna skýrt að styttri viðbragðstími eykur líkurnar á að sjúklingur nái sér – og að viðbragðstími yfir 15 mínútur helmingar líkur á að lifa af hjartastopp. „Þetta undirstrikar mikilvægi þess að bæta aðgengi og útkallshraða sjúkraflutninga, sérstaklega í dreifðum byggðum,“ segir Bergþór Steinn.



Nánar um rannsóknina:

European registry of cardiac arrest study THREE (EuReCa-THREE) – EMS response time influence on outcome in Europe - Resuscitation

Bergþór Steinn Jónsson, sérfræðingur í bráðalækningum á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK), var meðal þátttakenda í nýrri evrópskri rannsókn á hjartastoppum utan sjúkrahúsa – European Registry of Cardiac Arrest Study THREE (EuReCa-THREE) – sem birtist nýverið í tímaritinu Resuscitation. Rannsóknin er sú stærsta sinnar tegundar í Evrópu hingað til og náði til gagna frá 28 löndum og yfir 230 milljónum íbúa. Alls voru yfir 45.000 hjartastoppstilfelli greind, þar af um 32.000 þar sem sjúkraflutningamenn hófu eða héldu áfram endurlífgun.

SAK með í alþjóðlegu samstarfi

Bergþór tók þátt í rannsókninni sem fulltrúi Íslands og kemur fram í höfundahópi greinarinnar ásamt læknum og sérfræðingum víðs vegar úr Evrópu. Hann segir þátttöku SAK og Íslands í slíkum verkefnum skipta miklu máli: „Það skiptir máli að Ísland taki þátt í þessu samstarfi þar sem eitt markmiðið er að samræma skráningu til að auðvelda samanburð á milli landa. Þannig getum við fengið fram raunhæfa mynd af okkar stöðu og árangri. Slíkar rannsóknir nýtast okkur beint í umbótastarfi og stefnumótun í bráðalækningum og sjúkraflutningum.“

Hvatning til samfélagsins

Í niðurstöðunum kemur einnig fram að lífslíkur aukast verulega ef hjartastoppið verður á almannafæri, ef vitni eru að atvikinu og ef einhver á vettvangi veitir endurlífgun áður en sjúkraflutningar koma: „Það er gríðarlega mikilvægt að allir kunni fyrstu hjálp og geti brugðist hratt við.“ segir Bergþór.

Mömmur og möffins afhenda fæðingadeild tæplega 1,7 m.kr

Það var sannkölluð möffinsveisla um verslunarmannahelgina þegar Mömmur og möffins héldu upp á 15 ára afmæli sitt með glæsilegri söfnun. Alls söfnuðust 1.681.579 krónur sem renna óskertar til fæðingardeildar Sjúkrahússins á Akureyri, en fulltrúar söfnunarinnar afhentu SAK styrkinn formlega.

Mömmur og möffins hófu göngu sína árið 2010 og hafa síðan bakað og selt þúsundir möffins til gesta hátíðarinnar Ein með öllu. Í ár voru bakaðar 2.784 möffins og seldar voru um 2.500; íbúar og starfsfólk Hlíðar fengu að njóta þeirra sem eftir voru.

Þakklæti frá SAK

Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri SAK, lýsir miklu þakklæti:

„Það er ekki hægt annað en að fyllast lotningu og þakklæti þegar maður horfir yfir þann ótrúlega kraft og hlýju sem Mömmur og möffins hefur fært fæðingardeildinni ár eftir ár. Þessi viðburður er ekki bara fallegt dæmi um þrautseigju og elju þeirra sem vilja láta gott af sér leiða heldur líka ómetanlegur stuðningur við mikilvæga þjónustu við nýbura og mæður á SAK. Fyrir hönd sjúkrahússins vil ég færa öllum sem koma að þessu framtaki, bæði bakstursfólki og styrktaraðilum, okkar innilegustu þakkir.“

Ingibjörg Jónsdóttir, deildarstjóri fæðingardeildar, tekur undir orð forstjóra.

„Við erum óendanlega þakklát fyrir þeirra mikla vinnuframlag, þakklát öllum stuðningsaðilum, þakklát öllum sem versluðu gómsæt möffins og studdu við þessa söfnun. Ekki er ákveðið hvernig við verjum þessum peningum en við munum upplýsa um það síðar. Þúsund þakkir allir.“

Ómetanlegur stuðningur

Mömmur og möffins hafa á þessum 15 árum safnað umtalsverðum fjárhæðum fyrir fæðingardeild SAK. Ágóðinn hefur meðal annars nýst til tækjakaupa og annarra úrbóta sem styrkja þjónustu við mæður og nýbura á Norðurlandi.



Við afhendingu styrkstins, á myndinni eru:

Bryndís Björk, Sigríður Ásta, Linda Skarphéðinsdóttir, Guðrún Ólöf, Irmelín Aþena, Þrymir Dreki, Hafþór Friðrik, Ísabella og Hafþýr Björn

Vísindadagur SAK og Heilbrigðisvísindastofnunar HA og SAK

Fimmtudaginn 18. september fór fram Vísindadagur SAK og Heilbrigðisvísindastofnunar HA og SAK. Á dagskránni voru fjölbreytt og áhugaverð erindi þar sem starfsmenn SAK og samstarfsaðilar kynntu rannsóknir og þróunarverkefni.

Stolt af öflugu og fjölbreyttu vísindastarfi

Laufey Hrólfsdóttir, deildarstjóri mennta- og vísindadeildar SAK, segir dagskrána í ár hafa verið einstaklega fjölbreytta. „Erindin endurspeglar vel þá breidd sem einkennir vísindastarfið á sjúkrahúsinu. Við erum stolt af því að hér á Norðurlandi fari fram öflugt og fjölbreytt vísindastarf,“

Heilbrigðisvísindastofnunin – brú milli háskólasamfélags og heilbrigðisþjónustu

Heilbrigðisvísindastofnunin er vísindaleg rannsóknastofnun sem var stofnuð með rammasamningi um samstarf milli Sjúkrahússins á Akureyri og Háskólans á Akureyri. Markmið stofnunarinnar er að efla kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum með því að styrkja samstarf og gera vísindastarf stofnananna sýnilegra. Stofnanirnar vinna einnig saman að uppbyggingu sérfræðimenntunar innan heilbrigðisvísinda.

Vísindastarfið eflir gæði og öryggi þjónustunnar

Sem dæmi um sérstaklega áhugaverð erindi sem flutt voru nefnir Laufey kynningu á niðurstöðum úr alþjóðlegu verkefni um hjartastopp í Evrópu, European Registry of Cardiac Arrest. Einnig var fjallað um spennandi samstarfsverkefni þar sem nýtt EEG-US tæki til heilaafritunar og ómskoðunar var prófað. Auk þess voru kynnt lokaverkefni meistaranemenda og sérnámslækna á SAK sem fjalla meðal annars um bráðalækningar og umbætur í heilbrigðisþjónustu.

Þess má geta að upptökur frá Vísindadeginum eru komnar inn á Eloomi, fyrir starfsfólk SAK.



Laufey Hrólfsdóttir, deildarstjóri mennta- og vísindadeildar SAK



Frá Vísindadeginum

Viðurkenningar og styrkir á vísindadegi

Á vísindadeginum voru veittar viðurkenningar og styrkir; fyrir klíníska kennslu á SAK, úthlutað var úr Vísindastjóði SAK og hvatningastyrkur veittur ungum vísindamanni.



Viðurkenningar fyrir klíníska kennslu deilda

Tvær deildir hlutu viðurkenningu fyrir framúrskarandi kennslu: lyflækningadeild, fyrir kennslu hjúkrunarnema og svæfinga- og gjörgæsludeild, fyrir kennslu læknanema og unglækna.



Viðurkenningar fyrir klíníska kennslu einstaklinga

Þeir einstaklingar sem fengu viðurkenningu fyrir framúrskarandi kennslu voru:

- Læknir: Gunnar Þór Gunnarsson
- Hjúkrunarfræðingur: María Ásgeirsdóttir
- Sjúkraliði: Oddný Jóhanna Zoponíasdóttir

Úthlutun úr Vísindastjóði

Þá var úthlutað úr Vísindastjóði SAK og voru eftirfarandi aðilar sem fengu styrki:

- Alexander Kr. Smáráson; Geðlyfjanotkun kvenna á meðgöngu, á upptökusvæði HSN á árunum 2020-2022.
- Hannes Petersen: Prevalence of Obstructive Sleep Apnoea (OSA) among 4-9 Years old Children in the General Population.
- Laufey Hrólfsdóttir: Tengsl þyngdaraukningar á meðgöngu og heilsu barna seinna meir
- Þórhalla Sigurðardóttir: Exploring transformative learning and authenticity in simulation-based learning for nursing students.



Hvatningastyrkur fyrir ungan vísindamann



Á vísindadegi SAK var einnig veittur hvatningastyrkur fyrir ungan vísindamann og hlaut Berþór Steinn Jónsson, sérfræðingur í bráðalækningum og barnabráðalækningum viðurkenninguna að þessu sinni. Þá viðurkenningu fær hann fyrir lokaverkefni í sérnámi í barnabráðalækningum en verkefnið bar heitið “Ytri staðfesting á notkun SITI (Surgical Intervention for Traumatic Injuries) kvarðanum í börnum með heilaáverka”.

“ Það er sannarlega heiður að fá hvatningastyrk fyrir ungan vísindamann á vísindadegi SAK. Þetta er hvatning til þess að halda áfram að stunda rannsóknir og skapa nýja þekkingu. Styrkurinn mun koma að góðum notum í þeim rannsóknum sem ég vinn að, sér í lagi í tengslum við verkefni sem snúa að hjartastoppum utan sjúkrahúsa og meðhöndlun alvarlegra áverka hjá börnum. ”

Berþór Steinn Jónsson, sérfræðingur í bráðalækningum og barnabráðalækningum

Alþjóðleg ráðstefna um hreyfiveiki



Í ágúst fór fram á Akureyri önnur alþjóðlega ráðstefnan um hreyfiveiki (International Congress on Motion Sickness) þar sem sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum komu saman til að ræða nýjustu rannsóknir og lausnir á þessu viðfangsefni.

Hreyfiveiki, á sér rætur í truflunum í jafnvægiskerfi líkamans, einkum í innra eyra. „Ég hef rannsakað sjóveiki í mörg ár, í því skyni að reyna að skilja hvað er að gerast þegar einstaklingur verður sjóveikur,“ segir Hannes Petersen, háls-, nef- og eyrnarlæknir, einn aðalskipuleggjenda ráðstefnunnar.

Rannsakendur oftast landkrabbar

Hannes hefur rannsakað jafnvægiskerfið um árabíl og skrifaði meðal annars doktorsritgerð um starfsemi innra eyrans. Á ráðstefnunni geta gestir fengið að prófa sérstakan sjóveikihermi sem líkir eftir þeim aðstæðum sem geta valdið hreyfiveiki. Markmiðið er að skilja betur hvað gerist í líkamanum þegar hreyfiveiki kemur fram. „Ný tækni er mjög gagnleg, enda getur verið erfitt að flytja rannsóknarstofuna út á sjó, sérstaklega fyrir rannsakendur sem eru sjálfir oftast landkrabbar,“ segir Hannes.

Rannsóknir byggja á forvitni og ævintýraþrá



Hannes Petersen, yfirlæknir og prófessor
Mynd: Háskóli Íslands

Kynntist bráðalækningum í þyrlu

Hannes er sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum og lauk doktorsprófi frá háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Hann gegnir jafnframt stöðu prófessors í líffærafræði, greinar sem hefur fylgt honum lengi. „Ég starfaði í átján ár sem læknir á þyrlum Landhelgisgæslunnar og kynntist þar bráðalækningum. Þess vegna má oft sjá mig á bráðamóttökunni á SAK – þessi reynsla dregur mig þangað aftur og aftur.“

Ævintýralegir leiðangrar

Þótt starfið á sjúkrahúsinu sé krefjandi og fjölbreytt, hefur Hannes ávallt haldið tryggt við rannsóknir – og leitina að nýrri þekkingu. Nýjustu rannsóknaráherslurnar hans beinast annars vegar að svefni barna, með sérstakri áherslu á svefnrannsókn sem nú fer fram hér á Akureyri, og hins vegar að svima, jafnvægi og sjóveiki. Þar hefur hann tekið þátt í fjölþjóðlegum verkefnum í tengslum við rannsóknarstofu í hreyfivæði við Háskólann í Reykjavík (biovrsea.is).

Í þessari viðtalsröð við vísindafólk á Sjúkrahúsinu á Akureyri fáum við að kynnst rannsóknum og hvatningunni á bak við vísindastarfið. Að þessu sinni spjöllum við við Hannes Petersen, yfirlækni og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, sem hefur víðtæka reynslu og áhugaverðan feril – bæði í fræðunum og utan þeirra.

Þá sinnir hann einnig líffærafræðilegum rannsóknum og hefur m.a. unnið að greiningu á byggingu innri eyrna hvala – sem krefst bæði tæknilegrar nákvæmni og rannsókna á afar óhefðbundnum stöðum. „Vísindavinnan er skemmtileg því hún byggir á forvitni. Ef ekkert finnst í bókum eða gögnum, þá skipuleggur maður leiðangur til að svara forvitninni – og þeir geta orðið ansi ævintýralegir!“


Endurbyggja eyðibýli

„Þegar ég er ekki í vinnunni finnst mér best að vera heima, en þar er oft ekki hægt að staldra lengi við því ég og Sigrún mín erum að endurbyggja eyðibýli austur í Kelduhverfi. Nú svo erum við með hesta að njóta og ef einhver afgangur er, þá skjótumst við á fjallaskíði.“ Aðspurður um hvað hann hefði tekið sér fyrir hendur ef hann hefði ekki orðið læknir segir hann “Ég var við það að feta slóð myndlistar.”

Mottó: Hugurinn flytur fjöll, hafðu samt alltaf skóflu tiltæka.”

Vísindavaka 2025

Sjúkrahúsið á Akureyri tók þátt í Vísindavöku í Laugardalshöll laugardaginn 27. september, í samstarfi við Háskólann á Akureyri og fyrirtækið Arctic Therapeutics sem tefldu þar fram fulltrúum vísindanna sem og kynntu rannsóknir og vísindi fyrir gestum og gangandi. Á svæðinu var meðal annars hægt að skoða starfsemi sjúkrabíla, fræðast um hermisetur, kynnst starfi stjúkraflutningaskólans og byggja draumasvefnherbergi!



Heimsókn í sjúkrabíl sló í gegn

SAk kom með sjúkrabíl með á svæðið, sem vakti mikla athygli sér í lagi barna sem vildu mikið spyrjast fyrir um bílinn. Vakti dúkka úr hermisetrinu skiljanlega athygli og voru börnin mikið að velta fyrir því fyrir sér hvað hefði komið fyrir og hvernig hægt væri að bjarga honum. Mörg barnanna sögðust ætla að vinna sem hetjur í stjúkraflutningum þegar þau yrðu eldri.


Hönnuðu drauma svefnherbergi

Á staðnum var hægt að hanna draumasvefnherbergi, þar sem því var velt upp hvað ætti heima í svefnherbergi og hvað ekki. Var það hluti af bás þar sem kynntar voru rannsóknir á svefni barna og kvenna.



Spennandi að fá að prófa

Gestum þótti mjög áhugavert að fá að prófa að “lækna” dúkkur úr hermisetrinu. Hvort heldur sem það var að gefa Nonna litla lyf í æðalegg eða að prófa fyrstu hjálp, hjartahnoð og súrefnisgjöf.



Kærkomin gjöf Hollvina SAK til endurhæfingardeildar

Hollvinir Sjúkrahússins á Akureyr hafa fært SAKi enn eina mikilvæga gjöf – að þessu sinni til endurhæfingardeildar SAK.



Markmið Hollvina SAK er að styðja og styrkja starfsemi sjúkrahússins, meðal annars með því að vekja athygli á mikilvægi hennar og standa fyrir fjáröflun í samráði við framkvæmdastjórn. Með þessu framlagi sýna Hollvinir enn á ný hve mikils virði þeirra framlag er.

Að þessu sinni afhentu Hollvinir:

- Þrjá hægindastóla sem nýtast við vax- og hitameðferð í iðjuþjálfun, þar sem slökun og myking eru mikilvægir þættir í meðferð við t.d. gigtarverkjum og stirðleika.
- Tvær spjaldtölvur af flottustu gerð, sem verða notaðar við þjálfun og fræðslu í sjúkra- og iðjuþjálfun.
- Ýmiss konar minni þjálfunarbúnað sem gefur kost á að auka fjölbreytni í þjálfun.

Gjöf sem nýtist vel

Við hjá SAK erum afar þakklát fyrir þennan mikilvæga stuðning sem nýtist beint í þágu skjólstæðinga okkar og eflir faglega þjónustu á endurhæfingardeildinni.





September 2025 TBL.04

Sjúkrahúspósturinn er gefinn út af Sjúkrahúsinu á Akureyri
Ritstjóri: Hilda Jana Gísladóttir, samskiptastjóri SAk
Netfang: hildajana@sak.is

Fylgstu með okkur:



Heimasíða SAk



SAk á Facebook



SAk á Instagram
